

**Ýmis ákvæði.****13. gr.**

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

**14. gr.**

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

**15. gr.**

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum getur bæjarstjórn að fengnum tillögum vatnsveitustjórnar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmark og hámark vatnsskatts, aukavatnsskatt, mælaleigu og vatn til skipa um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis, enda verði gætt fyrir mæla l. nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960, ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar nr. 122 14. apríl 1966 með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Strandasýslu  
nr. 111 15. maí 1965.**

**1. gr.**

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

**Sýsluvegir eru:**

**I. Árneshreppur:**

- a) Skjaldarbjarnarvíkurvegur, af Strandavegi hjá Eyri við Ingólfsfjörð fyrir botn Ingólfsfjarðar að Skjaldarbjarnarvík.
- b) Munaðarnesvegur, af Norðurfjarðarvegi að Munaðarnesi.
- c) Krossnesvegur, af Norðurfjarðarvegi, um Krossnes að Felli.
- d) Stóru-Ávíkurvegur, af Strandavegi að Stóru-Ávík.
- e) Flugvallarvegur, af Strandavegi að flugvelli á Gjögurmelum.
- f) Kamsvegur, af Strandavegi í Veiðileysufirði, um Veiðileysu að Kambi.
- g) Árnesvegur, af Strandavegi að kirkju- og félagsheimili.

- h) Litlu-Ávíkurvegur, af Strandavegi að Litlu-Ávík.
- i) Finnbogastaðavegur, af Strandavegi að Finnbogastaðaskóla.
- j) Kúvíkurvegur, af Strandavegi að Kúvíkum.

## II. Kaldrananeshreppur:

- a) Asparvíkurvegur, af Strandavegi að Asparvík.
- b) Sunnudalsvegur, af Strandavegi við Skarð að Sunnudal.
- c) Goðdalsvegur, af Sunnudalsvegi að Goðdal.
- d) Svanshólsvegur, af Strandavegi að Svanshóli.
- e) Sandnesvegur, af Drangsnesevi að Sandnesi.
- f) Kleifavegur, af Drangsnesevi að Kleifum.
- g) Bakkagerðisvegur, af Drangsnesevi að Bakkagerði.
- h) Bjarnarnesvegur, af Drangsnesevi á Bjarnarnesmýrum að Bjarnarnesi.
- i) Klúkuvegur, af Strandavegi að Klúkuskóla.
- j) Kaldrananeskirkjuvegur, af Drangsnesevi að Kaldrananeskirkju.
- k) Drangsneshreppur, af Þjóðvegi að húsi Guðmundar Halldórssonar.

## III. Hrófbergshreppur:

- a) Selárdalsvegur, af Strandavegi við Selárbrú um Geirmundarstaði að Gilstöðum.
- b) Hólavegur, af Staðarvegi að Hólum.
- c) Staðardalsvegur, af Strandavegi (landsbraut) hjá Viðivöllum, um Staðardal að Kleppustöðum.
- d) Fitjavegur, af Strandavegi hjá Brekkutúni að Fitjum.
- e) Staðarvegur, af Strandavegi að Staðarkirkju.

## IV. Hólmavíkurhreppur:

- a) Þiðriksvallavegur, af Þverárorkuversvegi að Þiðriksvöllum.
- b) Kálfanesvegur, af Strandavegi á Kálfanesskeiði að Kálfanesi.
- c) Viðidalsárvegur, af Strandavegi að Viðidalsá.

## V. Kirkjubólshreppur:

- a) Arnkötuldalsvegur, af Tröllatunguheiðarvegi að Arnkötuldal.
- b) Grafarvegur, af Strandavegi um Heiðarbæ að Miðdalsgröf.
- c) Miðdalsvegur, af Strandavegi við Miðdalsá um Kúku og Gestsstaði að Tindi.
- d) Smáhamravegur, af Strandavegi á Smáhamrahálsi að Smáhömrum.
- e) Sævangsvegur, af Strandavegi að félagsheimilinu Sævangi.
- f) Kollafjarðarneskirkjuvegur, af Strandavegi að Kollafjarðarneskirkju.

## VI. Fellshreppur:

- a) Ljufustaðavegur, af Strandavegi hjá Litla-Fjarðarhorni að Ljufustöðum.
- b) Steinadalsvegur, af Steinadalsvegi hjá Norðdalsá að Steinadal.
- c) Þrúðardalsvegur, af Steinadalsheiðarvegi á Fellseyrum að Þrúðardal.

## VII. Óspakseyrarhreppur:

- a) Skriðnisennisvegur, af Strandavegi við Ennisbrú að Skriðnisenni.
- b) Krossárdalsvegur, af Krossárdalsvegi (landsbraut) hjá Gröf að Einfættingsgili.
- c) Snartartunguvegur, af Strandavegi við Tungnaárbrú að Snartartungu.
- d) Þórustaðavegur, af Strandavegi við Bitrufjarðarbotn að Þórustöðum.
- e) Brunngilsvegur, af Þórustaðavegi að Brunngili.

- f) Óspakseyrarkirkjuvegur, af Strandavegi að Óspakseyrarkirkju.
- g) Hvítuhlíðarvegur, af Strandavegi að Hvítuhlíð.
- h) Krossárbakkavegur, af Krossárdalsvegi að Krossárbakka.

#### VIII. Bæjarhreppur:

- a) Heydalsvegur í Víkurdal af Strandavegi hjá Skálholtsvík að Heydal.
- b) Borgavegur, af Strandavegi að Borgum.
- c) Hrafnadalsvegur, af Strandavegi utan Ljótunnarstaða að Hrafnadal.
- d) Sviðuvegur, af Strandavegi hjá Bæ að Bakkaseli.
- e) Laxárdalsvegur, af Strandavegi við Laxá að Laxárdal.
- f) Kjörseyrarvegur, af Strandavegi að Kjörseyri.
- g) Grænumýrartunguvegur, af Norðurlandsvegi að Grænumýrartungu.
- h) Prestbakkakirkjuvegur, af Strandavegi að Prestbakkakirkju.
- i) Borðeyrarvegur, af Strandavegi að Borðeyrarskóla.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

10. marz 1972.

Nr. 64.

## ERINDISBRÉF

fyrir matsmenn á æðardún.

#### 1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, og æðardúnn, sem seldur er á innlendum markaði, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum.

#### 2. gr.

Við gæðamat á hreinsuðum æðardún skal taka tillit til fjaðurmögnunar og litar dúnsins og hversu mikið er í honum af kuski, öðrum óhreinindum og fjöðrum.

#### 3. gr.

Til 1. flokks skal meta æðardún, sem er talinn úrvalsvara, laus við ryk og hvers konar óhreinindi og fjaðrir, eftir því sem við verður komið.

Aðeins 1. flokks æðardún má flytja úr landi.

Æðardún, sem matsmenn meta lélega eða skemmda vöru, má ekki hafa á boðstólum innanlands.

#### 4. gr.

Æðardúnsmat tekur jafnt til æðardúns sem hrávöru og iðnaðarvöru.